

Umsögn Skipulagsfulltrúa - Skógarvegur 18

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. júlí 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2024 þar sem sótt erum leyfi til að staðsetja tvo djúpgáma á lóð nr. 18 við Skógarveg.



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Skógarvegur 18 borgarhluta 5 Háaleiti-Bústaðir og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB31 Sléttuvegur-Eyrarland.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 12. júlí 2007, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir því að fá að koma fyrir tveim djúpgámum fyrir lífrænt sorp við lóðarmörk að norðan. Á lóðinni eru 80 stúdentaíbúðir á vegum félagsstofnun stúdenta. Á lóðinni eru 2 sorpskýli og í þeim eru ýmist ker og tunnar fyrir pappír, plast, blandaðan úrgang og lífrænt sorp.

Staðsetning sem sýnd er á uppdráttum er ekki örugg þar sem að sorphirðubíll þarf að hífa yfir gangstétt.

Ekki er æskilegt að staðsetja djúpgáma þannig þar sem það raskar öryggi vegfarenda.

Ef að skoða á lausnir fyrir djúpgáma á lóðinni þarf að finna hentugri staðsetningu.

Þar sem eingöngu er verið að óska eftir því að fá að setja djúpgáma fyrir einn úrgangsflokk er æskilegra að skoða frekar aðrar lausnir og nýta þau sorpgerði sem fyrir eru.

Niðurstaða

- gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem að staðsetning djúpgáma á uppdráttum hefur neikvæð áhrif á öryggi vegfarenda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri